

19. fundur í háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands, miðvikudaginn 15. júlí 2009, kl 11:00, í menntamálaráðuneytinu.

Fundinn sátu: Haraldur Benediktsson, Þórhallur Bjarnason, Rögnvaldur Ólafsson, Lilja Jóhannesdóttir, Brynhildur Einarsdóttir, Ásmundur Einar Daðason, Emma Eyþórsdóttir og Stefán Kalmannsson (Ágúst Sigurðsson fjarverandi). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

1. Þórhallur Vilhjálmsson skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti setti fundinn og gerði grein fyrir að tilefni hans væri að veita umsögn um embætti rektors Landbúnaðarháskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga um búnaðarfræðslu. Jafnframt var ráðsmönnum afhent bréf ráðherra um skipan ráðsins. Tvær umsóknir höfðu borist, frá Ágúst Sigurðssyni, rektor, Kirkjubæ, 851 Hellu og Torfa Jóhannessyni, framkvæmdastjóra, Ásvegi 9, Hvanneyri, 311 Borgarnesi. Haraldi Benediktssyni var falin stjórn fundarins í fjarveru rektors.
2. Lagt til fundarhlé í 15 mínútur á meðan ráðsmenn færu yfir framkomnar umsóknir. Að því búnu yrði fundi framhaldið. Samþykkt.
3. Framkomnar umsóknir teknar fyrir. Í umræðu um þær kom fram að báðir umsækjendur hefðu doktorspróf og uppfylltu menntunarkröfur auglýsingarinnar. Samþykkt var að í umsögn ráðsins til menntamálaráðherra yrði mælt með skipun Ágústssignar í embættið. Var þar vísað til stjórnunarreynslu Ágústssignar og þess starfs sem hann hefur leitt við skipulag og uppbyggingu Landbúnaðarháskóla Íslands frá stofnun skólans. Samþykkt að senda menntamálaráðherra þessa samþykkt sem umsögn ráðsins.
4. Brynhildur Einarsdóttir þakkaði fyrir samstarfið í ráðinu og upplýsti að hún myndi í framhaldi af fundinum tilkynna ráðherra að hún óskaði eftir því að vera leyst undan setu sinni í því. Brynhildi eru þökkuð störf sín í þágu ráðsins.

Fleira ekki gert

Fundargerð ritaði Þórahallur Vilhjálmsson